

2. maí 2017

Fréttatilkynning vegna afkomu Fjarskipta hf. á fyrsta ársfjórðungi 2017:

Rekstrarhagnaður eykst – Hagræðingaraðgerðir skila árangri

Árshlutareikningur Fjarskipta hf. fyrir fyrsta ársfjórðung 2017 var samþykktur af stjórn og forstjóra félagsins á stjórnarfundum þann 2. maí 2017.

- Tekjulækkun um 5% frá fyrsta ársfjórðungi 2016
- Kostnaðarverð seldra vara lækkaði um 3% miðað við sama tímabil 2016
- Rekstrarkostnaður lækkaði um 10% miðað við sama tímabil 2016
- EBITDA hagnaður nam 719 m.kr., sem er hækkun um 8% milli ára
- EBIT hagnaður nam 342 m.kr., sem er hækkun um 6% milli ára
- EBITDA hlutfall var 22,9% og EBIT hlutfall 10,9% á fjórðungnum
- Hagnaður tímabilsins nam 201 m.kr., sem er 2% hækkun frá fyrsta ársfjórðungi 2016
- Eiginfjárlutfall nam 48,1%
- Handbært fé frá rekstri nam 190 m.kr.

Lykiltöluyfirlit:

	1F 2017	1F 2016	Breyt.	% breyt.
Seldar vörur og þjónusta	3.141	3.295	-154	-5%
Kostnaðarverð	1.707	1.754	-47	-3%
Framlegð	1.434	1.541	-107	-7%
Rekstrarkostnaður	1.092	1.217	-125	-10%
EBITDA	719	668	51	8%
EBIT	342	324	18	6%
Hrein fjármagnsgjöld	91	77	14	18%
Hagnaður tímabilsins	201	198	3	2%
<hr/>				
<i>Framlegð (%)</i>	<i>45,7%</i>	<i>46,8%</i>		
<i>EBITDA %</i>	<i>22,9%</i>	<i>20,3%</i>		
<i>EBIT %</i>	<i>10,9%</i>	<i>9,8%</i>		

Stefán Sigurðsson forstjóri:


„Uppgjör fyrsta fjórðungs skilar 8% aukningu í EBITDA rekstarhagnaði frá fyrra ári þar sem hagræðingaraðgerðir félagsins hafa meðal annars tilætluð áhrif. Af starfseminni á Íslandi er enn meiri viðsnúningur þar sem EBITDA vex um 14% á milli ára. Sjónvarpstekjur vaxa um 8% frá fyrsta ársfjórðungi 2016 í tengslum við sjónvarpsþjónustu félagsins á Íslandi en þrátt fyrir jákvæða þróun í heildarfjölda farsímaviðskiptavina lækka heildartekjur frá fyrra ári einkum vegna verðlækkana árið 2016. Tekjur farsíma á Íslandi eru farnar að sýna viðsnúning og gert er ráð fyrir að sú þróun geti orðið greinilegri í niðurstöðum annars ársfjórðungs. Sama á við internettekjur, þar sem lækkun á tekjum af interneti tengist aðallega heildsöluviðskiptavinum sem hættu í viðskiptum á fyrsta ársfjórðungi 2016.

Af lækkun tekna eiga Færeyjar helming lækkunar sem tengist verðsamkeppni á þeim markaði á árinu 2016. Unnið er að fjölþættum aðgerðum til að bæta stöðuna í Færeyjum og meðal annars eru kostnaðaraðgerðir byrjaðar að skila sér í mótvægi á fjórðungnum sem tengjast fækkun stöðugilda sem ráðist var í undir lok síðasta árs.

Í tengslum við kaup á 365 miðlum hf. hefur samrunatilkynningu verið skilað til Samkeppniseftirlitsins og búast má við svörum á seinni hluta ársins. Áætlarnir gera ráð fyrir að sameinað félag verði með um 62% hærri tekjur, 54% hærri EBITDA og 85% hærra frjálst fjárflæði en núverandi rekstur Fjarskipta.

Félagið mun flytja í framtíðarhöfuðstöðvar sínar í júní að Suðurlandsbraut 8 en hönnun hússins leggur grunn að framúrskarandi vinnuumhverfi. Unnið er eftir BESTA hugmyndafræði sem hefur velferð starfsfólks í fyrirrúmi á sama tíma og fyrirtækið nær fram hagræði í húsnæðismálum.“

Mynd 1: EBITDA hagnaður eftir fjórðungum frá árinu 2013



Rekstrarafkoma á 1. ársfjórðungi 2017:

Tekjur samstæðunnar á fyrsta ársfjórðungi 2017 námu 3.141 m.kr. og lækkuðu um 5% frá sama tímabili 2016. Tekjur af interneti námu 876 m.kr. og lækkuðu um 4% miðað við sama tímabil í fyrra. Tekjur af sjónvarpi jukust á fyrsta ársfjórðungi, um 38 m.kr., og námu 517 m.kr. á tímabilinu, sem er 8% aukning á milli ára. Aðrar tekjur námu 185 m.kr. á ársfjórðungnum og lækkuðu um 1% milli ára. Tekjur samstæðunnar af farsíma námu 976 m.kr. og lækkuðu um 10% í samanburði við sama ársfjórðung í fyrra. Á Íslandi lækkuðu farsímatekjur félagsins um 52 m.kr. og í Færeyjum drógust þær saman um 57 m.kr. Vörusala á fjórðungnum nam 282 m.kr. sem er 25 m.kr. lægra en á sama tímabili 2016.

Kostnaðarverð lækkaði um 47 m.kr. miðað við sama tímabil í fyrra eða 3%. Framlegð fyrsta ársfjórðungs nam 1.434 m.kr., sem er lækkun um 107 m.kr. miðað við sama ársfjórðung 2016 eða 7%.

Rekstrarkostnaður nam 1.092 m.kr. á ársfjórðungnum og lækkaði um 125 m.kr. eða 10% á milli ára einkum í tengslum við fækkun stöðugilda á árinu 2016.

EBITDA hagnaður tímabilsins nam 719 m.kr. og EBITDA hlutfall tímabilsins var 22,9%, samanborið við 20,3% fyrir sama tímabil 2016, sem er hækkun um 51 m.kr.

Hrein fjármagnsgjöld hækkuðu á ársfjórðungnum og námu 91 m.kr. sem er hækkun um 18% á milli ára.


Sjóðstreymi 1. ársfjórðungs 2017

Handbært fé frá rekstri á fyrsta fjórðungi ársins 2017 nam 190 m.kr. Fjárfestingarhreyfingar námu 324 m.kr. á tímabilinu sem er hækkun um 25% miðað við sama tímabil 2017.

Fjármögnunarahreyfingar félagsins námu 41 m.kr. á fyrsta ársfjórðungi 2017, afborganir af langtímalánum námu 104 m.kr. og ádráttur á skammtímalánalínu 145 m.kr. Handbært fé í lok fyrsta ársfjórðungs nam 274 m.kr.

Hagnaður fyrir tekjuskatt nam 251 m.kr. á fyrsta ársfjórðungi 2017 sem er 4 m.kr. hækkun frá sama tímabili 2016. Reiknaður tekjuskattur á ársfjórðungnum var 50 m.kr. Hagnaður fjórðungsins nam 201 m.kr.

Sjóðstreymi á 1F –
Breytingar á tímabilinu



Efnahagur 31. mars 2017:

Efnahagur Fjarskipta hf. var sterkur í lok fyrsta fjórðungs ársins 2017. Eigið fé í lok tímabilsins var 7.203 m.kr. Eiginfjárhlutfall var 48,1%. Heildarskuldir samstæðunnar voru 7.780 m.kr. Hreinar vaxtaberandi skuldir námu 5.480 m.kr. og var hlutfall þeirra á móti EBITDA hagnaði sl. 12 mánaða 1,8. Veltufjárhlutfall var jafnframt 1,4.



Helstu tíðindi og mikilvægir áfangar á tímabilinu:

- Í mars undirrituðu Fjarskipti hf. og 365 miðlar hf. samning um kaup Fjarskipta á öllum eignum og rekstri 365 miðla, að undanskildum eignum er varða útgáfu Fréttablaðsins. Hinar keyptu eignir eru meðal annars fjarskipta-, sjónvarps- og útvarpsrekstur 365 miðla auk vefmiðilsins Vísis. Kaupin eru með fyrirvara um samþykki Samkeppniseftirlitsins og eftir atvikum annarra eftirlitsaðila og fer afhending fram eftir að samþykki liggur fyrir.
- Á aðalfundi félagsins þann 16. mars 2017 var samþykkt arðgreiðslustefna fyrir félagið. Stefnt er að því að greiða hluthöfum arð og/eða framkvæma endurkaup eigin hluta sem nemur 30-60% af hagnaði eftir skatta í samræmi við gildandi lög og reglur hverju sinni. Ekki verður hinsvegar ráðist í endurkaup á næstunni vegna fyrirhugaðrar fjárfestingar félagsins í tengslum við kaupin á 365.
- Á fjórðungnum settu Huawei og Vodafone á Íslandi af stað tilraunaverkefni í svokallaðri Narrowband Internet of Things (NB-IoT) tækni, sem gerir Íslendingum kleift að vera meðal leiðandi þjóða í tækjanetsbyltingunni á næstu árum.
- Fjarskipti hf. hlaut viðurkenningu sem „Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum“ þriðja árið í röð en það er Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti við Háskóla Íslands sem veitir viðurkenninguna
- Creditinfo staðfesti í janúar að Fjarskipti hf. væru í hópi framúrskarandi fyrirtækja á Íslandi árið 2016.
- Í febrúar tóku Vodafone og UN Women höndum saman í baráttunni gegn ofbeldi, en Vodafone er stoltur styrktaraðili UN Women á Íslandi og studdi við bakið á FOKK OFBELDI herferð þeirra.

Horfur fyrir afkomu á árinu 2017

Áður uppgæfnar horfur fyrir rekstrarárið 2017 eru óbreyttar:

- EBITDA hagnaður ársins 2017 verði í kringum 3,25 milljarðar króna
- Fjárfestingarhlutfall verði í kringum 11,0%

Kynningarfundur 3. maí 2017:

Opinn kynningarfundur vegna uppgjörnsins verður haldinn miðvikudaginn 3. maí 2017 á Hótel Íslandi, Ármúla 9 (gengið inn að austanverðu), 108 Reykjavík. Fundurinn hefst kl. 8.30 en boðið verður upp á morgunverð frá kl. 8.00.

Kynningarefni fundarins verður hægt að nálgast að honum loknum á síðu fjárfestatengsla Vodafone á www.vodafone.is/vodafone/fjarfestatengsl og í fréttakerfi Nasdaq Iceland.

Hægt er að fylgjast með fundinum í beinni útsendingu á vefslóðinni <https://vodafone.is/vodafone/fjarfestatengsl/uppgjorskynning/>



Fjárhagsdagatal 2017:

- Uppgjör 2F 2017: 22. ágúst 2017
- Uppgjör 3F 2017: 31. október 2017
- Uppgjör 4F og ársuppgjör 2017: 20. febrúar 2018

Frekari upplýsingar:

- Guðfinnur Sigurvinsson, verkefnastjóri samskiptamála, tekur á móti fyrirspurnum í gegnum netfangið fjarfestatengsl@vodafone.is eða í síma 669-9330.